

162

Bráðabirgðaákvæði.

1. okt. Skyldusparnaður á árinu 1957 miðast við tekjur, sem aflað er eftir 1. júní það ár.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um Húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í félagsmálaráðuneytinu, 1. október 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

163

AUGLÝSING

1. okt.

um friðun vatnasilungs.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og samkvæmt tillögum veiðimálastjóra hefur ráðuneytið ákveðið að vatnasilungur, annar en murta, skuli vera friðaður fyrir allri veiði frá 27. september til 31. janúar ár hvert, þar til annað verður ákveðið.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. október 1957.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

164

AUGLÝSING

8. okt.

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi nr. 111 23. ágúst 1954.

6. gr. orðist svo:

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og bera að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.